

---

## Vopnafjarðarlína 1, Fljótsdalshérað og Vopnafjarðarhreppur Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 INNGANGUR

Þann 16. september 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti hf. um fyrirhugaða framkvæmd við Vopnafjarðarlínu 1, niðurtekt loftlínu og lagningu jarðstrengs innan Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðarhrepps skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fljótsdalshéraðs, Vopnafjarðarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Fiskistofu, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Vopnafjarðarlína 1, niðurtekt loftlínu og lagning jarðstrengs. Fyrirspurn um matsskyldu. Landsnet hf., september 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Fljótsdalshéraði með tölvupósti dags. 3. október 2019.
- Vopnafjarðarhreppi með tölvupósti dags. 21. október 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með tölvupósti dags. 2. október 2019.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 14. október 2019.
- Fiskistofu með bréfi dags. 22. október 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 9. október 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. september 2019.
- Vegagerðinni með bréfi dags. 22. október 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 25. október 2019.

### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Vopnafjarðarlína 1 sé 66 kV loftlína sem liggja frá Lagarfossstöð til Vopnafjarðar. Landsnet áformar að hluti hennar verði settur í jörð þar sem hún liggur yfir Hellisheiði eystri. Sá hluti loftlínunnar sem jarðstrengurinn leysir af hólmi verður tekinn niður og staurar fjarlægðir. Jarðstrengurinn mun liggja sunnar en loftlínan og kemur að mestu leyti til með að fylgja þjóðvegi 917 yfir heiðina. Núverandi háspennulína var tekin í notkun árið 1980 og liggur meðfram Lagarfljóti að Jökulsá á Brú í Hróarstungu í átt til sjávar. Línan þverar Hellisheiði eystri og fer niður Fagradal, upp Skinnugil og upp fjallið Búr. Ofan af Hellisheiði eystri þverar línan Böðvarsdal utarlega og liggur svo inn Vopnafjörð og í tengivirki norðan megin við fjörðinn. Mikil hættu er á bilun línunnar vegna veðurálags og leiðin þar sem hún liggur um Hellisheiði er torfarin á veturna.



## Loftlína

Fram kemur að sá hluti loftlínunnar sem tekin verði niður sé um 9 km að lengd. Sunnan til á Hellisheiði liggur línan frá vegi sem er í um 420 m h.y.s. rétt norðan við veginn yfir Hellisheiði á svokallaðri Fönn. Við niðurtekt línu verða þeir slóðar notaðir sem nú þegar eru fyrir hendi og hafa verið nýttir við uppsetningu og viðhald línunnar. Á sumum stöðum eru einungis hjólför í landinu eða troðningar eftir vinnuvélar og í bröttum hlíðum eru skeringar. Engin plön eru við staurastæður. Hægt er að komast með tæki að vel flestum staurum seinnipart sumars og raskast því land lítið miðað við núverandi ástand þegar línan verður fjarlægð.

## Jarðstrengur

Fram kemur að jarðstrengur verði 9,4 km langur og fylgi mikið til þjóðvegi yfir Hellisheiði og gömlum vegi yfir heiðina. Hann liggur því að mestu leyti um þegar raskað land. Jarðstrengurinn verður 66 kV og er settur saman af þremur einleiðurum. Grafinn verður ca. 0,8 m breiður skurður fyrir strengina niður á um 1,25 m dýpi. Við uppfyllingu skurðarins verður settur sandur neðst og umhverfis strenginn sem hefur ákveðna hitaleiðnieiginleika og strengnum komið fyrir á skurðbotninum. Sandurinn verður einungis tekinn úr samþykktum námum þar sem efnisgæði eru nægjanleg en efnisþörf getur verið allt að 4.000 m<sup>3</sup>.

## Frágangur

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að frágangur svæðis við möstur núverandi loftlínu verði með þeim hætti að svæðið taki á sig mynd aðliggjandi svæða. Leitast verður við að fylla uppí holur eftir staura með efni af staðnum og staðargróður látinn um að græða sárin. Á melum og ógrónum svæðum verður land jafnað, sem líkast því sem fyrir er. Við framkvæmdir verður leitast við að velja árstíma sem ætla má að minnst áhrif verði á gróður. Gera má ráð fyrir að slóðar verði áfram sýnilegir en samráð verður haft við sveitarstjórnir og landeigendur um frágang þeirra t.d. ef krafa verður gerð um að lagfæra slóða. Þegar verki við lagningu jarðstrengs er lokið verður gengið frá yfirborði lands, umframefni jafnað út og tól og tæki flutt á brott. Svarðlagi verður haldið til haga þar sem því er til að dreifa og gert ráð fyrir að endurnýta svarðlag ofan af skurði eins og hægt er en annars er sáð í skurðsár þar sem land er gróið með tegundum í samræmi við núverandi gróður. Að öðru leyti er fyllt upp í skurðinn með fyrri jarðveg og gengið frá eins vel og kostur er.

Fram kemur að markmið með framkvæmdum er að styrkja flutningskerfi raforku til Vopnafjarðar.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsnets og umsögnum umsagnaraðila.

Fram kemur að helstu umhverfisáhrif af lagningu jarðstrengs felist í raski á gróðurþekju. Vistgerðir, metnar með mjög hátt og hátt verndargildi eru í strenglegu. Framkvæmdum verður hagað þannig að farið er að mestu eftir þegar röskuðu svæði og því ekki talið að gróðri verði raskað umfram það sem þegar hefur verið gert. Lagnaleið jarðstrengsins verður m.a. að mestu leyti innan núverandi veghelgunarsvæðis þjóðveggar yfir Hellisheiði og á lítið grónu landi er ekki talið að rask á gróðurlendi verði umfangsmikið og innan ákveðins tíma verður rask að mestu leyti lítt sýnilegt á yfirborði.

Fram kemur að helstu umhverfisáhrif af niðurtekt loftlínu séu jákvæð breyting á ásýnd á svæði þar sem áhrif mannvistar eru annars mjög lítil auk þess sem hætta á áflugi fugla minnkar. Helstu neikvæðu áhrif niðurtekta línu eru rask á gróðurþekju við staura og á slóða meðfram línu auk samantekt línunnar.

Fram kemur að að öðru leyti sé ekki búist við neikvæðum áhrifum á landslag, ásýnd eða dýralíf, Áhrif sem verða á framkvæmdartíma við niðurrif núverandi línu og lagningu jarðstrengs verða



lagfærð eftir því sem kostur er á að loknum framkvæmdum. Ekki er búist við áhrifum á menningarminjar þar sem ekki er vitað um minjar á svæðinu en samráð verður haft við minjavörð.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að með vönduðum frágangi ættu ummerki um strenglögna að minnka verulega á nokkrum árum. Hins vegar þarf að gæta þess að sá hluti framkvæmdarinnar valdi ekki úrrennsli í bröttum hlíðum. Umhverfisstofnun telur að varðandi frágang eftir niðurrif línunnar sé mikilvægt að Landsnet geri áætlun um hvernig gengið verði frá línustæðinu öllu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugmyndir fyrirtækisins um frágang séu ekki háð afstöðu viðkomandi landeigenda. Áhrif línulagnarinnar á Hellisheið eystri eru ekki bundin við sjálfar masturstæðurnar þar sem einungis þarf að moka í holur þar sem staurar hafa staðið. Á Hellisheiði eystri má sjá verulegt rask sérstaklega í Skinnagili og í fjallinu Búr. Umhverfisstofnun telur að frágangur línustæðisins eigi að felist í því að freista þess að afmá eftir vegslóðir sem lagðar hafa verið að staurastæðum þegar staurar og leiðarar hafa verið fjarlægðir.

Í svörum Landsnets um þá ábendingu Umhverfisstofnunar að afmá slóðir þá mun fyrirtækið byrja á því að ræða við sveitarfélögin um möguleika á slíkum aðgerðum og síðan eiga samtal við landeigendur. Í mörgum tilvikum eru slóðir nýttar af landeigendum, björgunarsveitum og aðilum í ferðaþjónustu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé í og við núverandi vegstæði og með réttum vinnuaðferðum eigi að vera hægt að koma í veg fyrir óþarfa röskun á þeim vistgerðum sem hafi hæst verndargildi. Þetta má t.d. gera bæði með því að sneiða fram hjá mikilvægustu svæðunum og, eins og bent er á í fyrirsögninni, endurheimta fyrri gróður með því að nota þann gróður, svarðlag, sem fyrir er á svæðum sem verður raskað til uppgræðslu. Jafnframt þarf að gæta þess að frágangur falli vel að landslagi. Fram kemur að huga þurfi að því að ekki rofni úr skurðum eftir mikil vatnsveður og þeir myndi vatnsrásir. Við niðurrif staura þarf að sýna sérstaka aðgát t.d. á mýrasvæðunum og nýta frost í jörðu til að lágmarka rask. Til að kanna hvort rof verði úr strenglagnarskurðinum þarf að fara um svæðið aftur að ári og meta hvort frekari aðgerða sé þörf til að varna vatnsrofi.

Í svörum Landsnets kemur fram að leitast verði við að takmarka umfang skurða og slóða á grónum svæðum og huga sérstaklega að verklagi og frágangi þar sem hætta sé á úrrennsli úr bröttum hlíðum. Landsnet muni leggja áherslu á gott eftirlit með framkvæmdum. Gert er ráð fyrir að hafa samráð við fulltrúa Umhverfisstofnunar um tilhögun framkvæmda.

Í umsögn Vegagerðarinnar er bent á að ákveðin skilyrði gildi um hvernig standa þurfi að framkvæmdum og frágangi innan veghelgunarsvæðis og nauðsynlegt að samráð verði haft við Vegagerðina. Í svörum Landsnets kemur fram að samráð verði haft við Vegagerðina um lokaútfærslu á legu strengsins innan veghelgunarsvæðisins.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 og kallar á breytingu á því en er í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Vopnafjarðarhrepps og Fljótsdalshéraðs samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða niðurrif loftlínu og lagningu jarðstrengs á hluta Vopnfjarðarlínu 1 þar sem hún liggur um Hellisheiði eystri. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.



## Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og mengun sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, og líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Þá skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda, svo sem stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og tímallengd áhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæðið er tiltölulega lítið sem og umfang framkvæmdarinnar. Með framkvæmdinni mun loftlína verða fjarlægð sem mun gera það að verkum að ásýnd svæðisins mun breytast til hins betra og draga mun úr áflugshættu fugla. Nokkuð rask verður vegna lagningar jarðstrengsins en hann fylgir að stórum hluta þjóðvegi yfir Hellisheiði og gömlum vegi yfir hana og verður lagður að mestu leyti um raskað land. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands að með réttum vinnuaðferðum eigi að vera hægt að koma í veg fyrir óþarfa röskun á þeim vistgerðum sem hafa hæst verndargildi. Ummerki um lagningu strengsins munu ekki verða til langframa. Ekki er um að ræða framkvæmd á svæði sem fellur undir verndarákvæði. Ef staðið verður að framkvæmdum á þann hátt sem Landsnet fyrirhugar sem og að vandað verði til frágangs verða neikvæð áhrif tímabundin vegna rasks á framkvæmdatíma við strenglagninguna og niðurrif loftlínunnar.

### Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 20. janúar 2020.

Reykjavík, 12. desember 2019

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson